



VATNSENDI - ÞING. Dalaping 13




Deiliskipulag: VATNSENDI - ÞING. Samþykkt í bæjarstjórn 24. maí 2005




Tillaga að breyttu deiliskipulagi Dalaping 13a og b, c og d Mkv. 1:1000

Greinargerð: Á fundi skipulagsráðs 29. mars 2021 var lögð fram tillaga Einars Ólafssonar arkitekts að breyttu deiliskipulagi á lóðinni. Í gildandi deiliskipulagi er á lóðinni gert ráð fyrir einbýlishúsi á tveimur hæðum, stakstæðum bílskúr og hesthúsi ásamt gerði. Í breytti tillögu felst að komið verði fyrir tveimur einbýlishúsum á einni hæð ásamt parhúsi á tveimur hæðum auk þess sem aðkoma að húsunum breytist með vegi og bílastæðum miðlægt á lóðinni. Parhús Dalaping 13a og 13b er áætlað 400 m2 að flatarmáli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og fjórum bílastæðum á lóð. Einbýlishús Dalaping 13c er áætlað um 220 m2 að flatarmáli á einni hæð með innbyggðum bílskúr og þremur bílastæðum á lóð. Einbýlishús Dalaping 13d er áætlað um 210 m2 að flatarmáli á einni hæð með þremur bílastæðum á lóð. Lóðin er 3.349 m2 að flatarmáli og verður nýtingarhlutfall eftir breytingu 0,25. Að öðru leiti er vísað í gildandi deiliskipulag og skipulagsskilmála fyrir Þing samp. í bæjarstjórn 24. maí 2005. Breytt tillaga er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum dags. 26. mars 2021.


Ferill málsins: Á fundi skipulagsráðs 15. júlí 2019 var samþykkt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar yrði auglýst. Kynningartíma lauk 18. september 2019 og bárust ábendingar og athugasemdir við tillöguna. Tillagan sem nú er lögð fram er breytt að því leiti að byggingarreitum fyrirhugaðra húsa hefur verið breytt og staðsetning þeirra endurskoðuð til að koma til móts við sjónarmið athugasemdaaðila. Á fundi skipulagsráðs þann 29. mars 2021 var samþykkt með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa framlagða tillögu. Vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Á fundi bæjarstjórnar þann 13. apríl 2021 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.




Skýringarmynd. Tillaga að breyttu fyrirkomulagi lóðar og fyrirhuguð áform um innra skipulag byggingarreita. Grunnmynd í mkv. 1:1000




Skýringarmynd. Gildandi deiliskipulag Sneiðmynd A-A í mkv. 1:1000




Tillaga að breyttu deiliskipulagi Sneiðmynd A-A í mkv. 1:1000




Skýringarmynd. Gildandi deiliskipulag Sneiðmynd B-B í mkv. 1:1000




Tillaga að breyttu deiliskipulagi Sneiðmynd B-B í mkv. 1:1000




Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Kópavogs 2012-2024 Staðfest 24. febrúar 2014




Skýringarmynd. Gildandi deili Sneiðmynd D-D í mkv. 1:500



Tillaga að breyttu deili Dalaping 13 c og d Sneiðmynd D-D í mkv. 1:1000



Skýringarmynd. Gildandi deili Dalaping 13 Sneiðmynd C-C í mkv. 1:1000



Tillaga að breyttu deili Dalaping 13 c Dags. 6.maí 2021. Sneiðmynd C-C í mkv. 1:1000

Kópavogur 6.maí 2021

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsstjóri

